

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

1. gr.

Samkvæmt 35. gr. laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreiknistuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins til jafnlangdar í ár. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

- a. Matsverð eftirtalinna fasteigna hækki um 4% og verður framreiknistuðull þeirra samkvæmt því **1,04**, sbr. þó staflíði b. og c.:
 - 1) Íbúðarhúsa og íbúðarlóða.
 - 2) Bújarða ásamt íbúðarhúsum og útihúsum á bújörðum.
- b. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða, bújarða ásamt íbúðarhúsum og útihúsum á bújörðum í Reykjanesbæ, Akranesi, Innri Akraneshreppi, Skilmannahreppi, Leirár- og Melahreppi, Hvalfjarðarstrandahreppi, Blönduósi, Sauðárkróki, Egilsstöðum, Árborg og Árnes- og Rangárvallasýslum hækki um 8% og verður framreiknistuðull samkvæmt því **1,08**.
- c. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða, bújarða ásamt íbúðarhúsum og útihúsum á bújörðum á svæðinu frá og með Hálshreppi og Grýtubakkahreppi að Norður-Héraði og Vopnafjarðahreppi, á svæðinu frá og með Búða- og Fáskrúðsfjarðahreppi að sýslumörkum Austur- og Vestur-Skaftafellssýslu, í Vestmannaeyjum, á Dalvík, Seyðisfirði og Siglufirði verði óbreytt og verður framreiknistuðull samkvæmt því **1,0**.
- d. Matsverð atvinnuhúsa og atvinnulóða á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Garðabæ, Bessastaðahreppi, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ) hækki um 4% og verður framreiknistuðull þeirra samkvæmt því **1,04**.
- e. Matsverð atvinnuhúsa og atvinnulóða utan höfuðborgarsvæðisins, sbr. staflíð d hér að framan, verði óbreytt og verður framreiknistuðull þeirra samkvæmt því **1,0**.
- f. Matsverð hlunninda, sumarhúsa og sumarhúsalóða hækki um 4% og verður framreiknistuðull þeirra samkvæmt því **1,04**.

Við framreikning ársins á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningum samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins fyrir einstakar tegundir eigna.

Ofangreind breyting fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignaskrá þeirri er gildi tók 31. desember 2001 með síðari breytingum ákveðnum af Fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatsnefnd.

2. gr.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hefur verið samin ný fasteignaskrá, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreiknistuðlum sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu. Hin nýja fasteignaskrá inniheldur einnig þær matsbreytingar sem Fasteignamat ríkisins eða yfirfasteignamatsnefnd hefur gert á einstökum fasteignum svo sem við endurskoðun á eldra mati og vegna úrskurða á kærum er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

3. gr.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignaskráin mun liggja frammi til sýnis á skrif-

stofu Fasteignamatsins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 31. desember nk. Frá sama tíma mun hið nýja matsverð einnig koma fram í uppflettingu hjá þeim aðilum sem eru í beinu tölvusambandi við stofnunina. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

4. gr.

Með vísan til laga nr. 6/2001 tilkynnir ráðuneytið hér með að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins, tekur gildi 31. desember 2002.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 975 frá 28. desember 2001.

Fjármálaráðuneytinu, 18. desember 2002.

F. h. r.

Pórhallur Arason.

Hafsteinn S. Hafsteinsson.